

# Rekstrargreining garðyrkju á Íslandi 2019-2022



## Rekstrargreining garðyrkju á Íslandi:.

Skýrsla þessi er unnin með styrk úr þróunarsjóði garðyrkjunnar.

Óheimilt er að afrita skýrsluna á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Reykjavík, Ísland, 2024

Starfshópur:

Sigurður Guðmundsson, verkefnisstjóri

Ívar Ragnarsson

Helgi Jóhannesson

María Svanþrúður Jónsdóttir

Runólfur Sigursveinsson

## Efnisyfirlit

Bls.

1	Inngangur .....	3
1.1	Um verkefnið.....	3
1.2	Um þátttakendur .....	3
1.3	Upplýsingar og gögn .....	4
2	Greining á rekstri framleiðenda rôtargrænmetis (kartöflur, rófur, gulrætur) .....	5
2.1	Samtölur – uppskera og sala (tafla 1): .....	5
2.2	Tekjugreining (tafla 2):.....	6
2.3	Breytilegur kostnaður (tafla 3): .....	6
2.4	Fastur kostnaður (tafla 4):.....	7
2.5	Rekstrartölur - greining (tafla 5):.....	7
2.6	Krónur á hektara - greining (tafla 6):.....	8
3	Greining á rekstri hjá ylrættarframleiðendum (tómatar, agúrkur, paprika).....	8
3.1	Samtölur – uppskera og sala (tafla 7): .....	8
3.2	Tekjugreining (tafla 8):.....	9
3.3	Breytilegur kostnaður (tafla 9): .....	9
3.4	Fastur kostnaður (tafla 10):.....	10
3.5	Rekstrartölur - greining (tafla 11):.....	10
3.6	Krónur á fermetra - greining (tafla 12):.....	10
4	Greining á rekstri (blóm, salat o.fl.) .....	11
4.1	Rekstrartölur (tafla 13): .....	11
4.2	Krónur á fermetra - greining (tafla 14):.....	12
5	Greining á ylrækt í heild sinni.....	12
5.1	Ylræktin heild – kr./m <sup>2</sup> (tafla 15): .....	13
6	Garðyrkjan í heild – þróun afkomu .....	13
6.1	Garðyrkjan í heild (tafla 16): .....	14
7	Samantekt.....	15
8	Niðurstaða og næstu skref.....	15
9	Fylgiskjöl.....	16
	Fylgiskjal 1. Dæmi – kartöflubóndi.....	16

# 1 Inngangur

## 1.1 Um verkefnið

Verkefnið sem þessi skýrsla byggir á er framhald verkefnis sem unnið var af RML á síðasta ári þar sem leitast var við að varpa ljósi á rekstrarafkomu í garðyrkju á Íslandi ár árunum 2019-2021. Nú er bætt við einu ári og unnið með árin 2019-2022.

Aflað var upplýsinga frá einstökum framleiðendum garðyrkjuafurða með það að markmiði að átta sig betur á rekstri helstu framleiðslugreina íslenskrar garðyrkju. Unnin var verkefnaáætlun og sótt um fjárhagslegan stuðning til fagráðs garðyrkju sem veitti vilyrði fyrir styrk úr fagfé garðyrkjunnar.

Verkefnið er samstarfsverkefni nokkurra starfsmanna RML: Sigurður er verkefnisstjóri, Ívar sá um söfnun og greiningu gagna, úrvinnslu í Excel, skýrslugerð o.fl., Helgi, Sigurður og Runólfur komu að gagnasöfnun, samskiptum við framleiðendur, ráðgjöf, yfirlestur o.fl. María Svanþrúður kom að ráðgjöf og yfirlestri.

Áfram var unnið með upplýsingar frá þátttakendum frá fyrra ári ásamt því að auglýst var eftir fleiri þátttakendum og því síðan fylgt eftir með samtali og samskiptum. Almennt voru undirtektir jákvæðar og áhugi framleiðenda töluverður varðandi það að nálgast stöðu greinarinnar sem og það að fá möguleika á því að bera sig saman við heildina.

Í eldra verkefni var greiningin takmörkuð við rôtargrænmeti (kartöflur, rófur, gulrætur) og ylrækt (tómata, agúrkur, papriku) en nú er að hluta bætt við verkefnið greiningu á annarri ræktun svo sem blómum með það að markmiði að hafa enn betri heildarsýn á garðyrkjuna.

Lögð er áhersla á að fá sem best bókhaldsgögn svo hægt sé að greina nánar einstaka rekstrarþætti. Hluti þátttakenda er með tekjur sínar af annarri starfsemi og var leitast við að skipta rekstrarkostnaði hjá þeim framleiðendum upp svo sem réttust niðurstaða fengist.

## 1.2 Um þátttakendur

Þátttakendum í verkefninu hefur fjölgað og eru nú 30 bú/framleiðendur virkir ásamt því að unnið er með ársreikninga og opinberar tölur frá u.þ.b. 20 framleiðendum til viðbótar þannig að í heildina eru nú gögn frá um 50 aðilum í gagnasafninu. Þessi bú eru mjög breytileg að samsetningu, en af þeim eru um 20 nánast eingöngu í ræktun rôtargrænmetis (kartöflur, gulrófur, gulrætur), 19 í ylrækt (tómatar, agúrkur og paprika) og 11 í öðru (blóm, salat o.fl.).

Þessi mikli breytileiki sem er í frekar litlu gagnasafni gerir það að verkum að tölfræðileg greining á því er nokkuð erfið og vandmeðfarin en hins vegar eru þar ýmsar vísbendingar sem vert er að rýna nánar. Það að vinna nú með gögn frá fjórum árum og fleiri framleiðendum gefur einnig enn meiri möguleika.

Hver virkur þátttakandi í verkefninu fær ákveðna greiningu á sinni stöðu og þróun yfir þessi 4 ár sem um ræðir. Einnig fá þátttakendur að sjá hvernig þeir standa miðað við meðaltal úrtaksins eins og kostur er án þess þó að greinanlegt sé niður á einstaka framleiðendum.

Í skýrslunni eru birtar þær niðurstöður sem þegar hafa fengist úr þessu verkefni. Um er að ræða gögn frá um 20 framleiðendum rötargrænmetis sem er það stórt gagnasafn að það gefur ágætar vísbendingar um framleiðslukostnað og afkomu þeirra sem stunda ræktun rötargrænmetis, aðallega kartaflna. Eins erum við nú komin með gögn frá um 19 ylræktarframleiðendum ef allt er talið og er það mikill meirihluti framleiðenda sem gerir niðurstöður og greiningar mjög marktækar í það minnsta hvað varðar stóru myndina. Síðan eru nú gögn úr blómarækt og öðru eins og fyrr segir sem einnig eru notuð í ýmsum greiningum.

Í fylgiskjali 1. er tilbúið dæmi af niðurstöðum framleiðanda rötargrænmetis til frekari útskýringa. Þar kemur fram upphæð, krónur á einingu eða önnur mælieining hjá viðkomandi, meðaltal viðmiðunarhóps og fjöldi í viðmiðunarhóp. Síðan er sýnd prósentu með lit til þess að auðvelda sýn á hvar í hópnum viðkomandi framleiðandi er og hver þróunin er miðað við hópinn milli ára o.s.frv. Í skýrslunni er horft nánar á hvern lið í greiningu eftir því sem við á í túlkun og niðurstöðum.

### 1.3 Upplýsingar og gögn

Þau gögn sem unnið er með í greiningu og skýrslugerð eru fengin með leyfi framleiðenda eftir því sem við á sem og úr opinberum gögnum.

- Gögn fengin úr Jörð.is varðandi hektara í garðrækt, fermetra í gróðurhúsum, uppskeru á kartöflum, gulrófum og gulrótum o.fl.
- Upplýsingar úr Afurð.is varðandi magn uppskeru í ylrækt og beingreiðslur sem og jarðræktar- og landgreiðslustyrki.
- Upplýsingar fengnar úr ársreikningum og skýringum með þeim, landbúnaðarframtölum, bókhaldsgögnum o.fl. í samvinnu við framleiðendur
- Gögn fengin úr ársreikningum fyrirtækja í garðyrkju sem aðgengilegir eru á rsk.is.
- Upplýsingar úr mælaborði landbúnaðarins.
- Upplýsingar úr fasteignaskrá.

Sá hópur framleiðenda sem samþykkti að taka þátt í verkefninu er áhugasamur og hefur gengið þökkalega að fá þau gögn sem nauðsynleg eru til að gæði greininga séu ásættanleg.

- Möguleikar til samanburðargreininga hjá framleiðendum rötargrænmetis er góður þar sem sá hópur er nokkuð stór og gögn komin frá nánast öllum þátttakendum.
- Ákveðin vandkvæði eru á því að fá upplýsingar um selt magn rötarávaxta þannig að ekki er hægt að mæla rýrnun frá uppskeru til sölu. Unnið er með í greiningum að sú rýrnun sé 20% þangað til fundin verður leið til að fá nákvæmari upplýsingar um selt magn hjá hverjum og einum. Ekkert er samt því til fyrirstöðu þegar kynntar verða niðurstöður fyrir hverjum og einum framleiðanda að nota aðra rýrnunarprósentu ef hún er þekkt hjá viðkomandi.

- Mikill fengur væri í því að til væru aðgengilegar upplýsingar um selt magn af rótarávöxtum sambærilegt og er til staðar í garðyrkjuafurðum sem njóta beingreiðslna og myndi það gera greiningu enn betri og þá ekki síst gagnvart hverjum framleiðanda.
- Nú er í meira mæli en síðast horft á niðurstöður og tölur niður á flatarmálseiningu þ.e tekjur og kostnaður reiknaður niður á hektara í útirækt og fermetra í ylrektinni.
- Unnið er sérstaklega með þann hluta ylreктarinnar sem var skoðaður í fyrra verkefni þ.e. tómata, gúrkur og papriku sem eina heild og ekki gerður greinarmunur á tegundum þar sem framleiðendur eru þetta fáir. Hafa verður það í huga þegar er skoðaður t.d. samanburður á meðalkostnaði á kg.
- Það að vinna greiningu og samanburð í ylreктinni niður á flatarmálseiningu (m<sup>2</sup>) opnar þann möguleika að horfa á ákveðnar tölur/stærðir og niðurstöður þvert á tegundir. Í skýrslunni er þeim greiningum gerð skil og ylreктin í heild sinni þá undir. Nú er einnig unnið með töluvert stærra gagnasafn og gerir það allar samanburðargreiningar betri.
- Í gagnasafninu eru nú gögn frá framleiðendum sem samanlagt njóta u.þ.b. 85-90% þeirra opinberu stuðningsgreiðslna sem garðyrkjan fær. Það gerir okkur kleyft að sýna tölur um heildarþróun greinarinnar yfir þetta árábil ef horft er á ákveðnar lykiltölur.

## 2 Greining á rekstri framleiðenda rötargrænmetis (kartöflur, rófur, gulrætur)

Hér á eftir verður leitast við að skoða niðurstöður í hverjum lið fyrir sig sbr. fylgiskjal 1. Horft er á meðaltal hvers árs og breytingu í prósentum á þessum þremur árum.

### 2.1 Samtölur – uppskera og sala (tafla 1):

Samtölur Bús	2019		2020		2021		2022		% br. 4 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Uppskera samtals skráð í Jörð kg.	384.502	19	366.413	19	295.894	20	340.359	20	-11%
Uppskornir hektarar (ha)	19	19	20	19	19	20	19	20	-1%
Uppskera skráð í jörð kg/ha	19.819	19	18.228	19	15.321	20	19.028	20	-4%
Seldar garðyrkjuafurðir samtals kg.	307.601	19	293.130	19	241.526	20	272.287	20	-11%
Hlutfall seldra afurða m.v. Jörð.is	80,00%	19	80,00%	19	81,00%	20	80,00%	20	0%

Þegar rýnt er í helstu tölur varðandi uppskeru þá sést að uppskornir eru að meðaltali um 19 hektarar á hverju búi og helst það nokkuð jafnt öll fjögur árin. Uppskeran aftur á móti fer úr 385 tonnum niður í 340 tonn að meðaltali á bú þessi 4 ár og dregst því saman um 11%. Meðaluppskera á hektara eykst aftur frá fyrra ári og er nú einungis 4% minni en 2019. Hluta skýringar á minni uppskeru 2021 er að leita í tjóni vegna myglu en einnig getur veðurfar haft áhrif eins og oft er í þessari framleiðslu. Eins og áður hefur komið fram er unnið með tæplega 20% rýrnun frá uppskeru til sölu og alls ekki er víst að það sé raunin hjá öllum framleiðendum en þegar heildin er skoðuð og þróun heilt yfir ætti það ekki að koma að sök.

## 2.2 Tekjugreining (tafla 2):

Tekjur	2019		2020		2021		2022		% br. 4 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Afurðatekjur alls	40.766.871	19	46.567.039	19	42.100.993	20	45.932.531	19	13%
Afurðatekjur kr/kg seld	163	19	170	19	206	20	200	19	22%
Seldar afurðir kg/ha (kg/m <sup>2</sup> )	15.855	19	14.583	19	12.393	20	15.222	20	-4%
Seldar afurðir kr/ha (kr/m <sup>2</sup> )	2.259.395	19	2.402.888	19	2.460.673	20	3.281.785	19	45%
Opinberar greiðslur alls	1.122.540	16	2.724.614	18	2.847.843	20	5.982.471	19	433%
Opinberar greiðslur, kr/kg	3,1	16	9,7	18	15,1	20	27,2	19	774%
Aðrar tekjur alls	4.469.612	15	2.065.644	15	2.372.185	12	5.730.043	11	28%
Samtals heildartekjur, kr.	45.240.808	19	50.761.628	19	46.377.077	20	55.223.738	19	22%

Afurðatekjur alls hækka á þessu 4 ára tímabili um 13%. Afurðatekjur kr./kg hækka um 22%. Ef horft er á afurðatekjur í kr. á uppskorinn hektara þá eru þær nokkuð jafnar fyrstu 3 árin en hækka mikið 2022 eða um 45% miðað við 2019. Opinberar greiðslur hækka mikið eða um 433% á þessu tímabili og eru þær að meðaltali tæpar 6 milljónir kr. á framleiðanda árið 2022 á móti rúmlega 1 milljón kr. árið 2019 og skýrist það af breyttum áherslum í stuðningi við garðyrkju sem m.a. fólst í mikilli hækkun á jarðræktargreiðslum (breyttum úthlutunarreglum) og svo „sprettgreiðslum“ árið 2022. Ljóst er að þessi aukni stuðningur breytir töluverðu og léttir mikið undir með framleiðendum.

## 2.3 Breytilegur kostnaður (tafla 3):

Breytilegur kostnaður	2019		2020		2021		2022		% br. 4 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Áburður og sáðvörur, kr/kg	19,8	19	24,5	19	40,6	20	70,3	18	255%
Áburður, kr/kg	9,5	17	8,6	16	17,7	13	18,4	11	94%
Rekstur búvéla, kr/kg	16,0	17	10,7	17	13,3	15	8,7	14	-46%
Rekstrarvörur, kr/kg	10,2	16	11,9	16	12,1	14	13,3	12	31%
Aðkeypt þjónusta (söluk, flutn o.fl), kr/kg	18,0	17	23,2	17	37,1	15	21,8	14	21%
Breytilegur kostnaður alls, kr/kg seld	58,8	19	64,9	19	86,8	20	97,5	19	66%

Í töflu 3. kemur fram greining á breytilegum kostnaði á einingu eftir árum. Breytilegur kostnaður alls kr./kg hækkar töluvert á þessum 4 árum eða um um 66%. Áburður og sáðvörur hækka mjög mikið eða um 255% mælt í kr./kg. á tímabilinu. Áburðurinn einn og sér hækkar um 94% mælt í kr./kg, þannig að hækkunin liggur ekki síður í sáðvörunni. Eins er töluverð hækkun á rekstrarvörum eða um 31% en á móti er umtalsverð lækkun í rekstri búvéla eða um 46% á tímabilinu. Rétt er að hafa í huga að uppskera er minni árið 2021 sem hefur eðlilega áhrif þegar horft er á kostnað í kr./kg. það árið en færast síðan nær hefðbundnu magni árið 2022 þannig að hækkunin er mjög mikil þegar allt er tekið inn í myndina.

Hér er breytileikinn hjá þátttökubúum nokkuð mikill en meðaltalið segir samt sína sögu.

## 2.4 Fastur kostnaður (tafla 4):

	2019		2020		2021		2022		% br. 4 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Fastur kostnaður</b>									
Tryggingar, kr/kg	2,5	15	2,8	16	4,2	12	2,3	9	-9%
Rafmagn og heitt vatn, kr/kg	7,8	12	8,8	10	15,6	6	11,0	9	40%
Viðhald eigna, kr/kg	13,0	16	4,5	15	11,3	12	3,7	10	-72%
Skrifstofukostnaður kr/kg	2,3	13	2,3	13	1,6	10	1,5	10	-36%
Annar rekstrarkostnaður, kr/ kg	9,4	17	13,9	18	18,9	18	17,4	15	85%
Laun og launatengd gjöld, kr/kg	39,9	18	45,5	18	52,6	18	52,1	16	31%
Fastur kostnaður samt. Kr/kg	80,6	19	88,0	19	117,9	20	110,5	19	37%

Fastur kostnaður hækkar nokkuð á tímabilinu eða um 37% og mest eru það liðirnir annar rekstrarkostnaður sem hækkar um 85%, rafmagn og heitt vatn um 40% og launaliðurinn sem hækkar um 31%. Erfitt er að leggja út af þessum tölum þar sem nokkuð er mismunandi hvernig bókhald er sundurliðað en athygli vekur að umtalsverð lækkun er á kostnaði við viðhald eigna og spurning hvort þar séum við að sjá afleiðingar versnandi afkomu í greininni.

## 2.5 Rekstrartölur - greining (tafla 5):

	2019		2020		2021		2022		% br. 4 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Rekstrartölur</b>									
Framlegð afurðatekna, kr/kg	104	19	105	19	119	20	102	19	-2%
Framlegðarstig afurðatekna	63%	19	62%	19	57%	20	50%	19	-20%
Framlegð heildartekna, kr.	31.808.738	19	34.666.742	19	30.012.055	20	35.081.256	19	10%
Framlegðarstig heildartekna	67%	19	65%	19	62%	20	59%	19	-12%
EBIDTA samtals, kr.	14.727.547	19	15.372.167	19	11.448.996	20	15.571.804	19	6%
EBIDTA, hlutfall af veltu	32%	19	30%	19	27%	20	29%	19	-10%
Hagnaður/tap, kr.	8.875.460	19	8.296.311	19	3.767.324	20	6.108.221	19	-31%

Í töflu 5. er um að ræða samantekt á rekstrartölum og í stuttu máli má segja að þróunin sé frekar niður á við. Framlegð afurðatekna fer niður um 20% á tímabilinu, EBIDTA hækkar frá því sem hún var 2021 en breytist lítið á þessu tímabili hvort sem horft er á heild eða hlutfall af veltu. Hagnaður eykst nokkuð frá árinu 2021, en minnkar um 30% þegar horft er á allt tímabilið. Framlegð heildartekna hækkar um 10% sem skýrist væntanlega fyrst og fremst af hækkun jarðræktargreiðslna sem og sprettgreiðslna árið 2022 en framlegðarstigið fer samt niður um 12% á tímabilinu. Meðalhagnaður er um 6,1 millj. og er nokkru hærri en 2021, en lækkar um 31% á tímabilinu. Ljóst er að ef jarðræktarstyrkjum hefði ekki verið breytt og sprettgreiðslur á árinu 2022 ekki komið til þá værum við að sjá afkomuna að meðaltali mun lakari.



## 2.6 Krónur á hektara - greining (tafla 6):

Krónur á flatarmálseiningu	2019		2020		2021		2022		% br. 4 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Afurðatekjur kr/ha	2.259.395	19	2.402.888	19	2.460.673	20	3.281.785	19	45%
Framlegð afurðatekna kr/ha	1.456.169	19	1.468.563	19	1.481.940	20	1.674.624	19	15%
Opinberar greiðslur kr/ha	51.867	16	139.912	18	172.286	20	453.343	19	774%
Breytilegur kostnaður alls kr/ha	803.227	19	934.325	19	978.732	20	1.607.161	19	100%
Áburður og sáðvörur, kr/ha	279.628	19	345.531	19	464.464	20	1.217.368	18	335%
Þjónusta (sölu- og flutn. o.fl.) kr/ha	252.444	17	347.170	17	403.638	15	327.891	14	30%
Fastur kostnaður samt. kr/ha	1.170.621	19	1.237.066	19	1.470.100	20	1.844.169	19	58%
Laun og launatengd gjöld kr/ha	625.403	18	628.448	18	683.439	18	781.943	16	25%
EBITDA samtals kr/ha	786.021	19	712.413	19	734.450	20	1.249.031	19	59%
Fjármagnsliðir Kr/ha	70.825	19	62.321	19	62.774	20	129.663	19	83%

Í töflu 6. er um að ræða samantekt á rekstrartölum reiknaðar niður á hektara sem er góð leið til að horfa á þróunina milli ára. Ekki síst þegar haft er í huga að meðaltalsfjöldi hektara á bú er nánast sá sami öll árin. Framlegð afurðatekna hækka lítið á tímabilinu og einungis síðasta árið. Hér blasir við hækkunin á opinberu greiðslunum og þá ekki síst árið 2022 þegar sprettgreiðslur komu einnig. Hvað framleiðslukostnaðinn varðar þá er mest áberandi mikil hækkun í breytilegum kostnaði og þá mest í áburði og sáðvörum sem tók stökk árið 2022. Fasti kostnaðurinn hækka minna en þar eru þó fjármagnsliðirnir að hækka mikið árið 2022 þó svo að þeir séu ekki stóri liðurinn í kostnaði reiknuðum á hektara.

## 3 Greining á rekstri hjá ylræktarframleiðendum (tómatar, agúrkur, paprika)

Hér á eftir verður leitast við að skoða niðurstöður í hverjum lið fyrir sig á sama hátt og í rótargrænmetinu. Þar sem ekki náðist að hafa magntölur fyrir árið 2019 nægilega góðar þá er horft til þróunar 3ja ára við skoðun í krónum á kíló (kr./kg) Horft er á meðaltal hvers árs og breytingu í prósentum á þessum þremur árum. Rétt er að taka fram að breytileiki er töluverður milli búa þannig að meðaltalstölur eru í sumum tilfellum nokkuð langt frá rauntölum einstakra framleiðenda. Það hamlar þó ekki því að nota þær til að skoða þróun og breytingar á heildina lítið.

### 3.1 Samtölur – uppskera og sala (tafla 7):

Samtölur Bús	2020		2021		2022		% br. 3 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Seldar garðyrkjuafurðir samtals kg.	165.305	18	188.127	19	191.260	19	16%
Ylrækt m <sup>2</sup> - undir ræktun	3.474	18	3.762	19	3.762	19	8%
Seldar afurðir kg/ha (kg/m <sup>2</sup> )	42	18	41	19	41	19	-2%

Meðalframleiðsla/sala eykst á þessu 3ja ára tímabili um 16% en seldar afurðir á hvern fermetra standa nánast í stað. Fermetrum undir gleri hefur fjölgað að meðaltali um tæplega 300 m<sup>2</sup>.

### 3.2 Tekjugreining (tafla 8):

Tekjur	2020		2021		2022		% br. 3 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Afurðatekjur alls	93.794.000	18	109.259.954	19	120.788.803	19	29%
Afurðatekjur kr/kg seld	995	18	953	19	958	19	-4%
Seldar afurðir kg/ha (kg/m <sup>2</sup> )	42	18	41	19	41	19	-2%
Seldar afurðir kr/ha (kr/m <sup>2</sup> )	26.275	18	28.052	19	29.318	19	12%
Opinberar greiðslur alls	15.314.678	18	26.395.834	19	32.647.252	19	113%
Opinberar greiðslur, kr/kg	151,1	18	181,9	19	261,5	19	73%
Aðrar tekjur alls	25.484.102	14	32.626.434	13	58.459.186	14	129%
Samtals heildartekjur, kr.	128.929.646	18	157.979.137	19	195.754.502	19	52%

Afurðatekjur alls hækka á þessu 3ja ára tímabili um 29% og er hækkunin mest á milli árána 2021 og 2022. Afurðatekjur kr./kg fara frekar lækkandi yfir þetta 3ja ára tímabil eða um 4%. Opinberar greiðslur hækka mikið eða um 113% á þessu tímabili og eru þær að meðaltali rúmar 32 milljónir kr. á framleiðanda árið 2022 á móti rúmlega 15 milljónum kr. árið 2020 og skýrist það af breyttri aðferðarfræði varðandi niðurgreiðslu á flutningi og dreifingu raforku sem nú er í formi beingreiðslna til framleiðenda, en áður var niðurgreiðslan reiknuð til frádráttar á reikningum. Opinberar greiðslur sem kr./kg hækka um 73%. Ekki er hægt að sjá að þessi breyting hafi haft áhrif á endanlega afkomu búanna. Aðrar tekjur hækka mikið eða um 129% sem skýrist mest af því að ferðþjónusta, sem er töluverður tekjupóstur hjá hluta framleiðenda, eykst aftur eftir covid og þá fyrst og fremst árið 2022. Heildartekjur hækka að meðaltali um 52% á tímabilinu.

### 3.3 Breytilegur kostnaður (tafla 9):

Breytilegur kostnaður	2020		2021		2022		% br. 3 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Áburður og sáðvörur, kr/kg	337,2	18	412,1	19	412,7	19	22%
Áburður, kr/kg	39,8	9	35,7	8	43,4	9	9%
Rekstur búvéla, kr/kg	10,5	10	11,0	10	10,0	9	-5%
Rekstrarvörur, kr/kg	105,2	13	100,4	12	152,9	11	45%
Aðkeypt þjónusta (söluk, flutn o.fl), kr/kg	97,5	11	97,4	11	91,9	10	-6%
Breytilegur kostnaður alls, kr/kg seld	478,7	18	537,7	19	554,4	19	16%

Í töflu 9. kemur fram greining á breytilegum kostnaði á einingu eftir árum. Breytilegur kostnaður alls í kr./kg. hækkar um 16% á tímabilinu sem er í raun ekki ýkja mikið. Áburður og sáðvörur hækka um 22% en áburðurinn einn og sér um 9%. Nokkur hækkun er síðan á rekstrarvörum á tímabilinu eða um 45% en lækkun á rekstri búvéla og aðkeyptri þjónustu.

Hér er breytileikinn hjá þáttökubúum nokkur og einnig mismunandi milli framleiðenda hvernig einstakir kostnaðarliðir eru bókaðir en meðaltalið segir samt sína sögu.

### 3.4 Fastur kostnaður (tafla 10):

	2020		2021		2022		% br. 3 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Fastur kostnaður</b>							
Tryggingar, kr/kg	6,4	9	9,6	9	6,4	9	-1%
Rafmagn og heitt vatn, kr/kg	110,4	11	156,8	11	157,8	11	43%
Viðhald eigna, kr/kg	24,1	8	12,1	8	8,9	8	-63%
Skrifstofukostnaður kr/kg	7,5	10	9,0	10	8,3	9	10%
Annar rekstrarkostnaður, kr/ kg	141,5	17	109,4	17	184,3	17	30%
Laun og launatengd gjöld, kr/kg	483,2	18	493,5	18	640,8	18	33%
Fastur kostnaður samt. Kr/kg	752,4	18	726,0	19	912,4	19	21%

Fastur kostnaður hækkar nokkuð á tímabilinu eða um 21%. Mikil hækkun er á liðnum rafmagn og vatn eða 43% sem skýrist af hækkun rafmagns sem áður var niðurgreitt beint en nú í gegnum beingreiðslur. Launaliðurinn hækkar töluvert eða um 33% sem og annar rekstrarkostnaður og skrifstofukostnaður. Á móti lækkar viðhaldskostnaður eigna mikið.

### 3.5 Rekstrartölur - greining (tafla 11):

	2020		2021		2022		% br. 3 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Rekstrartölur</b>							
Framlegð afurðatekna, kr/kg	524	18	425	19	417	19	-20%
Framlegðarstig afurðatekna	53%	18	46%	19	42%	19	-19%
Framlegð heildartekna, kr.	88.067.587	18	102.605.514	19	130.360.007	19	48%
Framlegðarstig heildartekna	67%	18	60%	19	63%	19	-5%
EBIDTA samtals, kr.	9.474.732	18	15.160.302	19	27.740.089	19	193%
EBIDTA, hlutfall af veltu	10%	18	7%	19	14%	19	30%
Hagnaður/tap, kr.	639.881	18	5.685.259	19	16.888.840	19	2539%

Í töflu 11. er um að ræða samantekt á rekstrartölum og í stuttu máli má segja að þróunin sé í þá átt að framlegð í kr./kg sem og framlegðarstig afurðatekna lækki töluvert en heildartekjur hækka sem og EBIDTA. Meðalhagnaður eykst mikið á tímabilinu en er þó mjög misjafn milli framleiðenda. Erfitt er að leggja of mikið út af þessum tölum þar sem á þessu tímabili eru að taka gildi kerfisbreytingar í niðurgreiðslu á raforku, einhver af búunum urðu fyrir foktjónum árið 2020 sem hafði áhrif það ár og síðan er ljóst að viðsnúningur í ferðaþjónustu hafði jákvæð áhrif sem bæði sjást í öðrum tekjum og meiri sölu afurða á ákveðnum tímabilum.

### 3.6 Krónur á fermetra - greining (tafla 12):

	2019		2020		2021		2022		% br. 4 ár
	Meðaltal	fjöldi	Meðaltal	fjöldi	Meðaltal	fjöldi	Meðaltal	fjöldi	
<b>Krónur á flatarmálseiningu</b>									
Afurðatekjur kr/m <sup>2</sup>	25.333	18	26.275	18	28.052	19	29.318	19	16%
Framlegð afurðatekna kr/m <sup>2</sup>	14.653	18	15.511	18	14.335	19	14.273	19	-3%
Opinberar greiðslur kr/m <sup>2</sup>	4.355	17	4.148	18	6.167	19	7.809	19	79%
Breytilegur kostnaður alls kr/m <sup>2</sup>	10.842	18	10.924	18	13.911	19	15.296	19	41%
Áburður og sáðvörur kr/m <sup>2</sup>	5.621	18	5.771	18	8.877	19	9.737	19	73%
Þjónusta (sölukostn, flutn o.fl) kr/m <sup>2</sup>	3.727	11	3.832	11	3.601	11	3.862	10	4%
Fastur kostnaður samt. kr/m <sup>2</sup>	22.635	18	23.011	18	23.382	19	27.210	19	20%
Laun og launatengd gjöld kr/m <sup>2</sup>	13.505	18	12.794	18	14.090	18	16.922	18	25%
EBITDA samtals kr/m <sup>2</sup>	4.473	18	3.258	18	3.701	19	7.665	19	71%
Fjármagnsliðir Kr/m <sup>2</sup>	1.025	17	854	17	1.061	18	1.540	19	50%

Í töflu 12. er um að ræða samantekt á rekstrartölum reiknaðar niður á fermetra í gróðurhúsum sem er góð leið til að horfa á þróunina milli ára. Hér er mögulegt að vera með fjögur ár undir þar sem ekki er verið að vinna með magn.

Eins og sést í töflunni þá eru 18-19 framleiðendur bak við meðaltalið á m<sup>2</sup> í hverjum þætti tekna og kostnaðar þannig að við erum að fá mjög góða yfirsýn yfir þróun þessi 4 ár.

EBITDA á hvern fermetra hækkar töluvert og mest árið 2022 sem væntanlega má skýra með mikilli hækkun á öðrum tekjum eins og komið hefur fram.

Hreinar afurðatekjur hækka mun minna eða einungis um 16% og framlegð afurðatekna lækkar um 3% mælt í krónum á m<sup>2</sup> á þessum fjórum árum sem er þá umtalsverð raunlækkun þar sem allar tölur eru á föstu verðlagi hvers árs. Opinberar greiðslur í kr./m<sup>2</sup> hækka fyrst og fremst vegna breytinga á beingreiðslum og kostnaður (raforka) hækkar á móti.

Áburður og sáðvörur hækka mikið sem og fjármagnskostnaður en annar kostnaður minna og í sjálfu sér ekkert óeðlilega mikið ef horft er til verðlagsþróunar á tímabilinu.

## 4 Greining á rekstri (blóm, salat o.fl.)

Hér er horft á meðaltalstölur úr rekstri þeirra 11 framleiðenda í ylrækt sem framleiða annað en tómata, agúrkur og papriku þ.e. blóm salat o.fl. Ekki er farið í djúpa greiningu og ekki mögulegt að skoða þætti niður á kr./kg vegna eðlis framleiðslunnar en þó er fróðlegt að skoða ákveðna hluti og síðan er greining niður á fermetra vel möguleg og upplýsandi.

### 4.1 Rekstrartölur (tafla 13):

	2019		2020		2021		2022		% br. 3 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Rekstrartölur</b>									
Framlegðarstig afurðatekna	63%	9	41%	10	52%	11	50%	11	-21%
Framlegð heildartekna, kr.	128.214.208	9	105.319.484	11	142.461.000	11	149.549.655	11	17%
Framlegðarstig heildartekna	64%	9	56%	11	59%	11	57%	11	-11%
EBITDA samtals, kr.	14.104.069	9	7.345.304	11	21.722.143	11	19.389.757	11	37%
Hagnaður/tap, kr.	4.741.424	9	-1.742.423	11	11.004.037	11	8.138.793	11	72%

Þessar rekstrartölur bera með sér að töluverðar sveiflur hafa verið og nokkuð ljóst að covid hefur haft mikil áhrif á afkomu ársins 2020 en strax árið eftir verður töluverður viðsnúningur. Framlegðarstig lækkaði mikið árið 2020 en styrktist árið eftir en hefur þó á þessum 4 árum lækkað um 21%.

## 4.2 Krónur á fermetra - greining (tafla 14):

Krónur á flatarmálseiningu	2019		2020		2021		2022		% br. 4 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Afurðatekjur kr/m <sup>2</sup>	37.748	9	37.750	10	41.077	11	42.631	11	13%
Framlegð afurðatekna kr/m <sup>2</sup>	24.695	9	22.492	10	24.766	11	24.338	11	-1%
Opinberar greiðslur kr/m <sup>2</sup>	193	1	1.409	4	2.170	10	3.430	11	1679%
Breytilegur kostnaður alls kr/m <sup>2</sup>	13.053	9	15.257	10	16.311	11	18.294	11	40%
Áburður og sáðvörur kr/m <sup>2</sup>	10.958	9	13.327	10	13.849	11	15.736	11	44%
Þjónusta (sölukostn, flutn o.fl) kr/m <sup>2</sup>	8.948	2	9.008	2	6.367	4	6.465	4	-28%
Fastur kostnaður samt. kr/m <sup>2</sup>	23.963	9	24.704	9	23.684	11	25.301	11	6%
Laun og launatengd gjöld kr/m <sup>2</sup>	14.336	8	14.613	8	14.226	9	16.220	9	13%
EBITDA samtals kr/m <sup>2</sup>	1.800	9	1.871	10	4.482	11	4.130	11	129%
Fjármagnsliðir kr/m <sup>2</sup>	673	9	654	10	599	11	669	11	-1%

Í töflu 14. eru ýmsar stærðir í rekstrinum hjá þessum hópi framleiðenda skoðaðar niður á fermetra með sama hætti og í annarri ylærkt sem er mjög upplýsandi nálgun og segir margt um þróunina á þessum fjórum árum.

Eins og sést í töflunni þá eru 11 framleiðendur bak við meðaltalið á m<sup>2</sup> í flestum þáttum tekna og kostnaðar þannig að við erum að sjá nokkuð góða mælingu á þróun yfir þessi 4 ár.

EBITDA á hvern fermetra hækkar töluvert og þá mest árið 2021. Afurðatekjur hækka heldur á tímabilinu en framlegð afurðatekna lækkar. Ef tekið er mið af því að tölur eru á verðlagi hvers árs þá er ljóst að um töluverða raunlækkun er að ræða.

Opinberar greiðslur í kr./m<sup>2</sup> koma inn árið 2021 vegna breytinga á beingreiðslum og rafmagnskostnaður hækkar á móti.

Breytilegur kostnaður hækkar nokkuð á tímabilinu en fastur kostnaður lítið. Laun hækka um 13% sem er minna en í ylærkt almennt og töluvert undir almennri þróun launakostnaðar.

Fjármagnskostnaður stendur í stað í kr./m<sup>2</sup> og er ekki stór kostnaðarliður í þessu samhengi.

## 5 Greining á ylærkt í heild sinni

Hér á eftir er ylærktin skoðuð í heild sinni þvert á tegundir framleiðslu. Til þess að þetta sé eins samanburðarhæft og kostur er þá eru tekju- og kostnaðarliðir greindir niður á fermetra í gróðurhúsum með sama hætti og í greiningum hér á undan.

Þessi greining nær yfir þá 19 framleiðendur sem fjallað er um í ylærktarkaflanum og 11 til viðbótar sem flestir eru í blómarækt en einnig salati, kryddjurtum o.fl.

Fjöldi framleiðenda í hverri grein/tegund er ekki það mikill að verjandi sé að sýna hverja framleiðslutegund í samanburði við hinar. Aftur á móti þá munu virkir þátttakendur í verkefninu fá hver sína skýrslu sem sýnir m.a. samanburð við aðra í ylærktinni greint niður á fermetra og geta út frá því metið stöðuna nánar.

## 5.1 Ylræktin heild – kr./m<sup>2</sup> (tafla 15):

Krónur á flatarmálseiningu	2019		2020		2021		2022		% br. 4 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Afurðatekjur kr/m <sup>2</sup>	35.754	28	37.788	29	39.599	31	41.453	31	16%
Framlegð afurðatekna, kr/m <sup>2</sup>	22.150	28	23.038	29	22.646	31	22.650	31	2%
Opinberar greiðslur, kr/m <sup>2</sup>	4.124	18	3.545	23	4.648	30	6.088	31	48%
Breytilegur kostnaður alls kr/m <sup>2</sup>	13.708	28	14.849	29	17.072	31	18.957	31	38%
Áburður og sáðvörur kr/m <sup>2</sup>	9.679	28	10.985	29	13.113	31	14.642	31	51%
Þjónusta (sölukostn, flutn o.fl) kr/m <sup>2</sup>	4.530	13	4.628	13	4.339	15	4.606	14	2%
Fastur kostnaður samt. kr/m <sup>2</sup>	26.568	28	27.625	28	27.411	31	30.539	31	15%
Laun og launatengd gjöld kr/m <sup>2</sup>	16.414	27	16.718	27	17.439	28	20.147	28	23%
EBITDA samtals kr/m <sup>2</sup>	4.299	28	3.974	29	4.786	31	6.971	31	62%
Fjármagnsliðir kr/m <sup>2</sup>	1.065	27	920	28	944	30	1.280	31	20%

Nokkuð er mismunandi hvað mörg bú standa undir meðaltalinu á m<sup>2</sup> í hverjum þætti tekna og kostnaðar. Það breytir þó ekki því að fróðlegt er að skoða þetta með þessu móti óháð tegundum og magni. Þessi nálgun kemst næst því að horfa á ylræktina alla útfrá sömu forsendum.

EBITDA á hvern fermetra hækkar nokkuð mikið árið 2022 sem væntanlega má skýra með mikilli hækkun á öðrum tekjum og opinberum greiðslum eins og áður hefur komið fram.

Aftur á móti, þegar horft er á hreinar afurðatekjur þá hækka þær mun minna og framlegð afurðatekna stendur nánast í stað mælt í krónum á m<sup>2</sup> á þessum fjórum árum sem er þá umtalsverð raunlækkun þar sem allar tölur eru á verðlagi hvers árs.

Áburður og sáðvörur hækka töluvert en annar kostnaður minna og í sjálfu sér ekkert óeðlilega mikið ef horft er til verðlagsþróunar á tímabilinu.

## 6 Garðyrkjan í heild – þróun afkomu

Í þessum kafla er skoðuð garðyrkjan í heild sinni þ.e. öll þau 50 bú sem eru í gagnasafninu óháð því hvaða framleiðslu þau stunda. Hér er því um að ræða samtals tölur úr ársuppgjörum u.þ.b. 50 framleiðenda þessi 4 ár. Þessir framleiðendur njóta 85-90 % allra stuðningsgreiðslna í garðyrkju árin 2021 og 2022 þannig að um mjög stóran hluta greinarinnar er að ræða og tölurnar því marktækar eftir því.

## 6.1 Garðyrkjan í heild (tafla 16):

### Greining á afkomu garðyrkjunnar 2019-2022

Ylraekt / Útiræktun grænmetis

Upphæðir (kr.)

	2019	2020	2021	2022	Br.4 ár
Afurðatekjur	4.561.907.100	4.911.236.004	5.585.023.300	6.085.168.523	33,4%
Opinberar greiðslur	288.528.503	353.747.132	656.815.352	902.485.943	212,8%
Aðrar tekjur	609.663.553	391.310.515	488.461.031	890.346.707	46,0%
<b>Tekjur alls</b>	<b>5.460.099.156</b>	<b>5.656.293.651</b>	<b>6.730.299.683</b>	<b>7.878.001.173</b>	<b>44,3%</b>
Breytilegur kostnaður	1.600.365.014	1.818.656.621	2.251.987.869	2.646.461.707	65,4%
Fastur kostnaður	1.171.319.599	1.256.430.035	1.552.492.668	1.662.071.052	41,9%
Laun og launatengd gjöld	1.909.754.588	1.943.376.444	2.115.461.911	2.430.068.472	27,2%
Afskriftir	257.716.858	323.856.036	360.137.701	380.920.344	47,8%
Fjármagnsliðir	124.099.339	122.829.785	137.440.242	180.886.564	45,8%
<b>Gjöld alls</b>	<b>5.063.255.398</b>	<b>5.465.148.920</b>	<b>6.417.520.391</b>	<b>7.300.408.138</b>	<b>44,2%</b>
Hagnaður/Tap	396.843.758	191.144.731	312.779.292	577.593.035	45,5%
Langtímaskuldir	1.473.681.575	1.681.513.175	2.009.162.711	2.192.766.068	48,8%
Skammtímaskuldir	1.143.231.585	1.750.040.126	1.519.157.395	1.550.625.901	35,6%
Heildarskuldir	2.616.913.160	3.431.553.301	3.528.320.106	3.743.391.969	43,0%
Skuldahlutfall af veltu	47,9%	60,7%	52,4%	47,5%	
Hlutfall fjármagnskostnaðar af heildarveltu	2,3%	2,2%	2,0%	2,3%	
Hagnaður % af veltu	7,3%	3,4%	4,6%	7,3%	

Afurðatekjur hækka nokkuð jafnt og þétt á þessu árabili en þó minna en gjöldin í krónum talið.

Opinberar greiðslur hækka mikið á tímabilinu en hafa ber í huga að niðurgreiðsla á raforku færast í beingreiðslur sem skýrir hækkun en kostnaður hækkar samsvarandi á móti. Eins hækka jarðræktargreiðslur í garðyrkju með breyttum reglum ásamt því að sprettgreiðslur ársins 2022 birtast í tölunum.

Aðrar tekjur sem í þessum geira eru að langmestu leiti af ferðapjónustu lækka nokkuð á covid árunum en hækka aftur árið 2022.

Breytilegur kostnaður hækkar nokkuð umfram verðþróun og er skýringanna trúlega fyrst og fremst að leita í hækkandi kostnaði á áburði og sáðvörum. Fastur kostnaður og launakostnaður hækka í nokkuð í takt við verðþróun. Hækkandi vaxtastig er síðan að birtast í tölum ársins 2022.

Heildarskuldir hækka um 43% á tímabilinu en ef horft er á skuldahlutfall þá er það í jafnvægi sem og hlutfall fjármagnskostnaðar af veltu.

Hagnaður sem hlutfall af veltu lækkar nokkuð á covid árunum en er síðan kominn í 7,3 % árið 2022 sem er það sama og árið 2019. Ljóst er að hækkun opinbera greiðslna og þá ekki síst sprettgreiðslur árið 2022 eru að hafa afgerandi áhrif á afkomu greinarinnar sem og mikil hækkun annarra tekna. Segja má að þessir tveir þættir séu lykillinn að því að heildartekjur og heildargjöld hækka nánast um sömu prósentutölu og að afkoman er á þessum stað árið 2022.

## 7 Samantekt

Þó hér sé verið að fjalla um og vinna með gagnasafn sem inniheldur stóran hluta garðyrkjunnar er rétt að hafa þann fyrirvara að töluverður eðlismunur er á rekstri hvort um er að ræða ylrækt eða ræktun rótargrænmetis. Samt eru ákveðnir þættir sem rétt er að nefna almennt.

- Afkoma batnar að meðaltali í ylræktinni en versnar í rötargrænmeti.
- Breytilegur kostnaður sem kr./kg hækkar.
- Fastur kostnaður hækkar.
- Framlegð afurðatekna lækkar almennt í greininni allri.
- EBITDA sem hlutfall af veltu lækkar hjá kartöflubændum en hækkar í ylræktinni.
- Afkoma versnar heldur í kartöfluræktinni en mikil hækkun á jarðræktarstyrk og sprettgreiðslur árið 2022 skipta búgreinina miklu.
- Afkoma í ylræktinni batnar mikið hjá þeim búum sem mynda það meðaltal sem unnið er með og þá ekki síst vegna annarra tekna.
- Ekki er farið í djúpa greiningu á annarri tegund ylræktar þ.e. blóm, salat o.fl. en þó ljóst að þessi 4 ár sem um ræðir hafa einkennst af miklum sveiflum. Afkoman seinni árin tvö þ.e. árin 2021 og 2022 er þokkaleg að meðaltali.
- Framlegð afurðatekna á flatarmálseiningu (m<sup>2</sup>) í ylræktinni í heild stendur nánast í stað á tímabilinu.
- Garðyrkjan í heild sinni skilar heldur betri niðurstöðu árið 2022 en árin á undan en hafa ber í huga að það ár er töluverð hækkun á opinberum stuðningi (m.a. sprettgreiðslur) og eins hækka aðrar tekjur mikið.

## 8 Niðurstaða og næstu skref

- Verkefni sem þetta er mjög mikilvægt fyrir greinina og afar jákvætt að mögulegt var að bæta enn frekar í gagnagrunninn sem unnið var með á síðasta ári. Ákveðið hefur verið að halda áfram á sömu braut og vonandi verður þetta hér eftir eitt af þeim verkefnum sem stöðugt eru í vinnslu. Það nýtist bæði sem stjórnþæki fyrir framleiðendur sem og upplýsingabanki um stöðu greinarinnar.
- Nauðsynlegt er að fylgjast vel með þróun í greininni vegna mikilvægis hennar í matvælaframleiðslu og matvælaöryggi þjóðarinnar sem og vegna markaðrar stefnu og aðgerðaráætlunar stjórnvalda í loftlagsmálum.
- Með gagnasafni af þessari stærð er hægt að skoða þróun í garðyrkjunni nokkuð vel.
- Að ákveðnu leyti var verkefnið útvíkkað og aðgengileg opinber gögn s.s. ársreikningar o.fl. tekin með inn í myndina þó svo að ekki væru allir framleiðendur formlegir þátttakendur. Með þessu fékkst mun betri grunnur undir greiningar og síðan er ekkert því til fyrirstöðu í framhaldinu að fleiri framleiðendur garðyrkjuafurða en nú er geti með virkri þátttöku fengið dýpri samanburðargreiningar.

Verkefnishópurinn telur mikilvægt að fylgja þessu verkefni eftir, fjölga virkum þátttakendum og þróa áfram aðferðarfræði og úrvinnslu.



# 9 Fylgiskjöl

## Fylgiskjal 1. Dæmi – kartöflubóndi

### REKSTRARGREINING - SAMANBURÐUR MILLI BÚA

#### Demo-BÚ

Dæmi - kartöflubóndi

	2019				2020				2021				2022			
	Demo-BÚ	Meðaltal	Fjöldi	%	Demo-BÚ	Meðaltal	Fjöldi	%	Demo-BÚ	Meðaltal	Fjöldi	%	Demo-BÚ	Meðaltal	Fjöldi	%
<b>Samtölur Bús</b>																
Uppskera samtals skráð í Jörð kg.	170.000	373.777	20		310.000	363.592	20		270.000	294.661	21		300.000	338.437	21	
Uppskornir hektarar (ha)	8	18	20		15	20	20		15	19	21		16	19	21	
Uppskera skráð í jörð kg/ha	21.250	19.890	20		20.667	18.350	20		18.000	15.448	21		18.750	19.015	21	
Seldar garðyrkjuafurðir samtals kg.	136.000	299.021	20		248.000	290.874	20		216.000	240.311	21		240.000	270.750	21	
Yrækt m2 - undir ræktun		0				0				0				0		
Hlutfall seldra afurða m.v. Jörð.is	80,00%	80,00%	20		80,00%	80,00%	20		80,00%	80,95%	21		80,00%	80,00%	21	
<b>Tekjur</b>																
Afurðatekjur alls	17.500.000	39.603.527	20		24.000.000	45.438.687	20		28.000.000	41.429.517	21		30.000.000	45.135.905	20	
Afurðatekjur kr/kg seld	129	161	20		97	166	20		130	202	21		125	196	20	
Seldar afurðir kr/ha (kr/m2)	17.000	15.912	20		16.533	14.680	20		14.400	12.489	21		15.000	15.212	21	
Seldar afurðir kr/ha (kr/m2)	2.187.500	2.255.801	20		1.600.000	2.362.744	20		1.866.667	2.432.387	21		1.875.000	3.211.445	20	
Opinberar greiðslur alls	530.000	1.087.685	17		1.500.000	2.660.160	19		1.500.000	2.783.660	21		2.000.000	5.783.347	20	
Opinberar greiðslur, kr/kg	3,9	3	17		6	9	19		6,9	15	21		8,3	26	20	
Aðrar tekjur alls	1.250.000	4.268.386	16		1.350.000	2.020.916	16		5.750.000	2.632.017	13		150.000	5.265.040	12	
Samtals heildartekjur, kr.	19.280.000	43.942.768	20		26.850.000	49.566.047	20		35.250.000	45.847.216	21		32.150.000	54.070.051	20	
<b>Breytilegur kostnaður</b>																
Áburður og sáðvörur, kr/kg	22,8	20,0	20		24,2	24,5	20		30,1	40,1	21		36,5	68,5	19	
Áburður og sáðvörur, kr/ha (kr/m2)	387.500	285.022	20		400.000	348.254	20		433.333	462.982	21		546.875	1.182.078	19	
Áburður, kr/kg	14,7	9,8	18		18,1	9,2	17		25,5	18,2	14		29,2	19,3	12	
Rekstur búvéla, kr/kg	3,7	15,3	18		2,8	10,3	18		3,5	12,7	16		4,2	8,4	15	
Rekstrarvörur, kr/kg	2,2	9,7	17		6,0	11,6	17		7,4	11,8	15		2,5	12,5	13	
Ákveptur þjónusta (söluk, flutn o.fl), kr/kg	18,4	18,0	18		17,1	22,8	18		32,4	36,8	16		10,4	21,1	15	
Breytilegur kostnaður alls, kr/kg seld	47,1	58,2	20		50,2	64,1	20		73,4	86,2	21		53,5	95,3	20	
<b>Fastur kostnaður</b>																
Tryggingar, kr/kg	1,1	2,4	16		0,2	2,7	17		1,2	3,9	13		0,8	2,1	10	
Rafmagn og heitt vatn, kr/kg	1,1	7,3	13		0,8	8,1	11		1,4	13,5	7		0,8	10,0	10	
Viðhald eigna, kr/kg	7,4	12,7	17		1,6	4,3	16		4,6	10,8	13		4,2	3,7	11	
Skrifstofukostnaður, kr/kg	1,1	2,2	14		0,6	2,2	14		0,7	1,5	11		0,6	1,4	11	
Annar rekstrarkostnaður, kr/ kg	2,2	9,0	18		1,7	13,3	19		2,8	18,0	19		1,7	16,4	16	
Laun og launatengd gjöld, kr/kg	36,0	39,7	19		18,5	44,1	19		16,9	50,7	19		22,5	50,4	17	
<b>Rekstrartölur</b>																
Framlegð afurðatekna, kr/kg	82	103	20		47	102	20		56	116	21		71	101	20	
Framlegðarstig afurðatekna	63%	63%	20		48%	61%	20		43%	56%	21		57%	51%	20	
Framlegð heildartekna, kr.	12.880.000	30.862.301	20		14.400.000	33.653.405	20		19.400.000	29.506.719	21		19.300.000	34.292.194	20	
Framlegðarstig heildartekna	67%	67%	20		54%	65%	20		55%	61%	21		60%	59%	20	
EBIDTA samtals, kr.	6.030.000	14.292.670	20		8.350.000	15.021.058	20		13.090.000	11.527.139	21		11.600.000	15.373.214	20	
EBIDTA, hlutfall af veltu	31%	32%	20		31%	30%	20		37%	27%	21		36%	29%	20	
Hagnaður/tap, kr.	1.032.000	8.483.287	20		4.122.560	8.087.623	20		7.540.000	3.946.976	21		7.102.000	6.157.910	20	
<b>Krónur á fatarmáseiningu</b>																
EBIDTA samtals kr/m2 eða ha	753.750	784.408	20		556.667	704.625	20		872.667	741.032	21		725.000	1.222.830	20	
Afurðatekjur kr/m2 eða ha	2.187.500	2.255.801	20		1.600.000	2.362.744	20		1.866.667	2.432.387	21		1.875.000	3.211.445	20	
Framlegð afurðatekna, kr/m2 eða ha	1.387.500	1.452.735	20		770.000	1.433.635	20		810.000	1.449.943	21		1.071.875	1.644.486	20	
Breytilegur kostnaður alls kr/m2 eða ha	800.000	803.065	20		830.000	929.109	20		1.056.667	982.443	21		803.125	1.566.959	20	
Opinberar greiðslur, kr/m2 eða ha	66.250	52.713	17		100.000	137.811	19		100.000	168.844	21		125.000	436.926	20	
Fastur kostnaður samt. kr/m2 eða ha	1.356.250	1.179.902	20		636.667	1.207.046	20		754.000	1.436.000	21		700.000	1.786.961	20	
Laun og launatengd gjöld kr/m2 eða ha	612.500	624.724	19		306.667	611.512	19		243.333	660.276	19		337.500	755.799	17	
Fjármagnsliðir Kr/m2 eða ha	124.750	73.521	20		48.496	61.630	20		36.667	61.531	21		62.375	126.298	20	

■ Ef reiturinn er rauður er viðkomandi liður í neðsta þriðjung í samanburði við önnur bú  
■ Ef reiturinn er gulur er viðkomandi liður í öðrum þriðjung í samanburði við önnur bú  
■ Ef reiturinn er grænn er viðkomandi liður í efsta þriðjung í samanburði við önnur bú